

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Læknagarður



|                            |                          |                         |                        |
|----------------------------|--------------------------|-------------------------|------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 13.12.2013               | <b>Fulltrúi UST</b>     | Ásgeir Björnsson       |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Háskóli Íslands          | <b>Fulltrúi UST</b>     |                        |
| <b>Heimili</b>             | Vatnsmýrarvegur 16       | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið            |
| <b>Kennitala</b>           | 600169-2039              | <b>Flokkur</b>          | Erfðabreyttar lífverur |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Sigríður Rut Franzdóttir | <b>ÍSAT nr.</b>         | 85.14.3                |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                          | <b>Staðsetning</b>      |                        |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir eru gerðar við tvö atriði.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

### Afmörkunarráðstafanir:

Dýra-/ræktunaraðstaða, dýravarnir, úrgangur og öryggiskerfi var athugað.

Öll ræktun og vinna með erfðabreyttar ávaxtaflugur hefur verið færð í eitt herbergi í Lífvísindasetrinu, á 4 hæð. Ræktun fer fram í lokuðum flöskum með æti á þeirri starfsstöð. Flugum er lógað á staðnum og ljósgildra notuð til að ná flugum sem gætu sloppið fyrir slysi. Úrgangi er fargað í samræmi við gr. 2.2 starfsleyfis. Herbergið er gluggalaust og með einar dyr, sem eru ekki sjálflokandi. Unnið er með 22 stofna erfðabreyttra ávaxtafluga. Þrír starfsmenn stunda rannsóknir með flugurnar. Aðgangsstýring er að rannsókastofum Lífvísindasetursins.

### Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir:

Haldin er vinnudagbók. Í kjölfar eftirlits síðasta árs hefur leyfishafi skilað inn öllum áætlunum sem tilheyra leyfinu. Afrit af starfsleyfi var á starfsstöð, en ekki tilheyrandi áætlanir, eins og 1) viðbragðsáætlun, 2) áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera og 3) áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

Fylgst er reglulega með því hvort ávaxtaflugur finnist utan við ræktunarsvæðið. Ekki hefur orðið mengunaráhapp á starfsstöðinni tímabilið frá síðasta eftirliti þann 3. maí 2011.

## ATHUGASEMDIR

Gerðar eru tvær athugasemdir. Dyr inn í herbergi fyrir flugnarannsóknir er ekki sjálflokandi (aths 1). Umhverfisstofnun mælist til að settur verði búnaður á dyrnar sem tryggir sjálflokun. Áætlanir sem tilheyra starfsleyfinu voru ekki til staðar á starfsstöð (aths 2).

## ANNAÐ

Eftirlitsfulltrúi Umhverfisstofnunar hóf eftirlit kl. 14:00 þann 22. nóvember sl. í Lífvísindasetri í Læknagarði. Ábyrgðarmaður rannsóknar, Sigríður Rut Franzdóttir tók á móti eftirlitsfulltrúa og fór með í vettvangsskoðun, þar sem teknar voru myndir. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 14:30.

Reykjavík, 16.01.2014

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.